



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Föstudagur, 8. apríl 2011

Ákvörðun nr. 13/2011

Samruni ST eignarhaldsfélags ehf. og Steypustöðvarinnar ehf.

I.

Málavextir og málsmeðferð

Með bréfi dags. 28. mars 2011 var Samkeppniseftirlitinu tilkynnt um fyrirhugaðan samruna ST eignarhaldsfélags ehf. (hér eftir ST) og Steypustöðvarinnar ehf. (hér eftir Steypustöðin). Sama dag barst Samkeppniseftirlitinu samrunaskrá sem var í samræmi við ákvæði samkeppnislaga nr. 44/2005 með síðari breytingum og reglur nr. 684/2008 um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum.

Vegna rannsóknar málsins hefur Samkeppniseftirlitið aflað ýmissa gagna. Þá hafa starfsmenn Samkeppniseftirlitsins átt viðtöl við fulltrúa samrunaaðila og aðra aðila sem tengjast þeim mörkuðum sem málið varðar og fjallað verður um nánar hér á eftir, s.s. viðskiptavini, keppinauta og aðra hagsmunaaðila. Að því marki sem Samkeppniseftirlitið telur upplýsingar og viðhorf þessara aðila skipta máli fyrir niðurstöðu þessa máls er þeirra getið í ákvörðuninni. Auk þess hefur stofnunin nýtt sér gögn úr fyrri rannsóknum á tengdum mörkuðum.

Viðræður Samkeppniseftirlitsins við samrunaaðila hafa leitt til þess að ST hefur gengist undir sátt í málinu á grundvelli 17. gr. f samkeppnislaga og 22. gr. reglna um málsmeðferð Samkeppniseftirlitsins nr. 880/2005. Sáttin felur í sér að sett eru skilyrði fyrir þeim samruna sem um er fjallað í máli þessu.

II.

Niðurstaða

Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting verður á yferráðum til frambúðar. Samruni getur þannig m.a. falist í því að fyrirtæki taki annað fyrirtæki yfir eða það nái yferráðum í heild eða hluta yfir öðru fyrirtæki, t.d. með því að kaupa hluta af eignum þess eða þær allar, sbr. 1. mgr. 17. gr. laganna. Hér á eftir verður samrunanum lýst nánar. Þá verður gerð grein fyrir forsendum þess að talið er rétt að grípa til íhlutunar vegna samrunans og þeim skilyrðum lýst sem Samkeppniseftirlitið telur að gilda eigi um samrunann til að koma megi í veg fyrir samkeppnishömlur sem af honum kunna að leiða, en samrunaaðilar hafa fallist á að hlíta þessum skilyrðum.

1. Samruninn

Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting verður á yferráðum til frambúðar. Samruni getur þannig m.a. falist í því að fyrirtæki taki annað



fyrirtæki yfir eða það nái yferráðum í heild eða hluta yfir öðru fyrirtæki, t.d. með því að kaupa hluta af eignum þess eða þær allar, sbr. 1. mgr. 17. gr. laganna.

ST er fyrirtæki sem hefur ekki með höndum neinn rekstur samkvæmt upplýsingum í samrunaskrá en einu viðskipti þess á undanförunum árum eru kaup þess á Steypustöðinni. Samkvæmt samrunaskrá eru eigendur ST Alexander Ólafsson og synir hans Ellert Alexandersson og Alexander Alexandersson. Þeir þrír hafa, ásamt eiginkonu Alexanders Ólafssonar, Hrafnhildi Eggertsdóttur, yferráð yfir fleiri félögum sem koma við sögu á þeim mörkuðum sem um ræðir í þessu máli. Alexander Ólafsson er stjórnarformaður í félaginu Alexander Ólafsson ehf. sem er fyrirtæki sem er í námurekstri undir Háuhnúkum við Krýsuvíkurveg í námum sem kallast Vatnsskarðsnámur. Alexander Ólafsson ehf. starfar á markaði fyrir námuvinnslu og stundar auk þess efnissölu og skylda starfsemi. Hrafnhildur Eggertsdóttir er eigandi Alexanders Ólafssonar ehf. og er hún einnig varamaður í stjórn. Áðurnefndir Ellert og Alexander Alexanderssynir eru í fyrirsvari fyrir fyrirtækið. Alexander Ólafsson er eigandi JVJ ehf. sem er fyrirtæki sem rekur námur í nágrenni við námurekstur Alexanders Ólafssonar ehf. Félagið er þó ekki í rekstri samkvæmt upplýsingum í samrunaskrá. Ellert Alexandersson er eigandi Hrauns Sands ehf. sem er fyrirtæki í námuvinnslu. Fyrirtækið stundar námuvinnslu í Hrauni í Ölfusi og vinnur þaðan efni sem nýtist m.a. í steypuframleiðslu. Annað fyrirtæki í hans eigu, Bósi ehf., hefur haft með höndum lóðaframkvæmdir fyrir fyrirtæki á steypuframleiðslumarkaði, Steypustöðina Borg ehf.

Steypustöðin er fyrirtæki sem starfar við framleiðslu og sölu á steinsteypu, hellum, einingum og rekstri á múrverslun og var í eigu Miðengis ehf. fyrir samrunann. Miðengi ehf. er eignarhaldsfélag í eigu Íslandsbanka hf. Félagið starfar við eignarhald og umsýslu fyrirtækja og hefur það markmið að selja eignir sínar með arðsömum hætti svo fljótt sem kostur er.

Kaup ST á Steypustöðinni fela í sér að ST eignast allt hlutafé í Steypustöðinni og telst ST þar með hafa yferráð yfir Steypustöðinni með þeim hætti að um er að ræða samruna í skilningi 17. gr. samkeppnislaga. Þá er ljóst að veltuskilyrði 17. gr. a samkeppnislaga eru uppfyllt og kemur samruni þessi því til skoðunar samkvæmt samrunaákvæðum laganna.

Þar sem Alexander Ólafsson ehf. og Hraun Sandur ehf. eru fyrirtæki sem starfa við námuvinnslu og vinna m.a. efni sem nýtt er til steypuframleiðslu og selja m.a. Steypustöðinni slíkt efni er um lóðréttan samruna að ræða í skilningi c-liðar 6. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga. Var aðilum því heimilt að tilkynna samrunann með styttri tilkynningu.

2. Markaðir málsins og staða viðkomandi fyrirtækja á þeim

Í kafla 7 í viðauka við reglur Samkeppniseftirlitsins nr. 684/2008 um tilkynningu samruna segir m.a. svo:

„Með viðkomandi vörumarkaði er átt við markað fyrir vörur og/eða þjónustu sem neytendur líta á sem staðgönguvörur eða staðgönguþjónustu vegna eiginleika sinna, verðs og áformaðrar notkunar. Markaður er sölusvæði vöru og staðgönguvöru og/eða sölusvæði þjónustu og staðgönguþjónustu, sbr. 4. gr.



Samkeppnislaga. Staðgönguvara og staðgönguþjónusta er vara eða þjónusta sem að fullu eða verulegu leyti geta komið í stað annarrar.

Meðal þátta, sem skipta máli við mat á viðkomandi markaði, er greining á því hvers vegna viðkomandi vara eða þjónusta tilheyrir þessum markaði og hvers vegna önnur vara eða þjónusta tilheyrir honum ekki samkvæmt framangreindri skilgreiningu og með hliðsjón af, meðal annars, hvort varan eða þjónustan nýttist sem staðgönguvara eða staðgönguþjónusta, samkeppnisstöðu, verði, verðsveiflum vegna eftirspurnar eða öðrum þáttum sem máli skipta við skilgreiningu á markaðinum."

Til landfræðilegs markaðar telst það svæði þar sem hlutaðeigandi fyrirtæki eru viðriðin framboð og eftirspurn eftir viðkomandi vöru eða þjónustu, þar sem samkeppnisskilyrði eru nægilega lík og unnt er að greina frá nærliggjandi svæðum, einkum vegna þess að samkeppnisskilyrði eru greinilega frábrugðin á þeim svæðum. Í áður tilvitnuðum reglum um tilkynningu samruna segir svo um landfræðilegan markað:

„Meðal þátta sem skipta máli við mat á viðkomandi landfræðilegum markaði eru eðli og einkenni viðkomandi vöru eða þjónustu, hugsanlegar aðgangshindranir eða neytendavenjur, greinilegur munur á markaðshlutdeild fyrirtækja á þessu svæði og aðliggjandi svæðum eða verulegur verðmunur.“

Ekki er þörf á ítarlegri skilgreiningu á mörkuðum í þessu máli en í ákvörðunum Samkeppniseftirlitsins nr. 31/2010 *Yfirtaka Arion banka á B.M. Vallá* og nr. 5/2011 *Yfirtaka NBI hf. á Björgun ehf.* var fjallað um þá markaði sem hér koma við sögu. Hér á eftir verður fjallað stuttlega um stöðu þeirra fyrirtækja sem um ræðir á þeim mörkuðum sem þau starfa.

2.1 Efnissölumarkaður

Alexander Ólafsson ehf. og Hraun Sandur ehf. eru eins og fyrr segir fyrirtæki í námurekstri sem vinna m.a. efni til steypuframléiðslu og hellugerðar. Fyrirtækin selja efni til Steypustöðvarinnar. Sömu aðilar hafa yfirráð yfir þessum fyrirtækjum og hafa yfirráð yfir ST og skulu þau því koma hér til athugunar. Fáir aðilar starfa á höfuðborgarsvæðinu á þessum markaði en hár flutningskostnaður hamlar samkeppni milli náma sem eru staðsettar í ólíkum landshlutum. Til greina kemur að skipta efnissölumarkaðnum í nokkra undirmarkaði með hliðsjón af mismunandi eiginleikum efnisins en Samkeppniseftirlitið telur ekki ástæðu til þess að taka nánari afstöðu til efnissölumarkaðarins í þessu máli.

Ljóst er af rannsóknum Samkeppniseftirlitsins á mörkuðum í tengslum við þetta mál að efnissölumarkaðurinn samanstendur af landnámi og efnisnámi úr hafi. Þegar kemur að efnisnámi úr hafi er aðeins um einn aðila á markaði að ræða, Björgun ehf. Svo sem að framan greinir er við núverandi aðstæður ekki hagkvæmt að flytja efni úr námum um langan veg. Á höfuðborgarsvæðinu reka fyrirtæki sem eru undir yfirráðum sömu aðila og ST tvær námur. Þessi fyrirtæki eru í viðskiptum við alla aðila á sviði steypuframléiðslu á höfuðborgarsvæðinu, aðra en B.M. Vallá. eru þau fyrirtæki því mikilvægir birgjar ýmissa aðila sem margir hverjir eru keppinautar Steypustöðvarinnar.



2.2 Framleiðslumarkaður

Starfsemi Steypustöðvarinnar er fólgin í framleiðslu og sölu á steinsteypu, hellum, einingum og rekstri á múrverslun eins og áður segir og kaupir fyrirtækið m.a. efni til steypuframleiðslu af Alexander Ólafssyni ehf. Eins og fram kemur í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 31/2010 *Yfirtaka Arion banka á B.M. Vallá* starfar B.M. Vallá m.a. á steypuframleiðslumarkaði. Í ákvörðuninni kemur einnig fram að rannsókn Samkeppniseftirlitsins hafi bent til þess að B.M. Vallá væri í markaðsráðandi stöðu m.a. á þeim markaði með markaðshlutdeild vel yfir 50%. B.M. Vallá á ekki í viðskiptum við Alexander Ólafsson ehf. eða tengd félög en aðrir aðilar á markaði, þ.e. Einingaverksmiðjan ehf., Steypustöðin Borg ehf. og Steypustöðin, eiga þar í viðskiptum og eru háðir þessum félögum um efni í steypuframleiðslu að einhverju leyti.

3. **Íhlutun**

Í ljósi þess að Alexander Ólafsson og Hraun Sandur ehf. eiga viðskipti við flesta aðila sem starfa við steypuframleiðslu á höfuðborgarsvæðinu taldi Samkeppniseftirlitið hættu á að sá samruni sem um ræðir í málinu gæti haft í för með sér hættu á röskun á samkeppni. Samruninn getur valdið hættu á að aðilum í steypuframleiðslu verði mismunað í verði og öðrum viðskiptakjörum vegna efniskaupa þeirra til steypuframleiðslunnar án þess að málefnaleg sjónarmið búi þar að baki.

Líkt og fram hefur komið hafa viðræður við fyrirsvarsaðila ST leitt til þess að sátt hefur verið gerð í málinu með setningu skilyrða sem ætlað er að koma í veg fyrir samkeppnisleg vandkvæði. Samkeppniseftirlitið telur að skilyrðin séu nægjanleg til þess að eyða þeim samkeppnislegu vandkvæðum sem ella hefðu skapast með samruna þessum.



III.

Ákvörðunarorð:

„Kaup ST eignarhaldsfélags ehf. á Steypustöðinni ehf. felur í sér samruna í skilningi 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005. Með heimild í 17. gr. samkeppnislaga eru samrunanum sett skilyrði. Með setningu eftirfarandi skilyrða er ekki þörf á að ógilda samrunann:

1.

Alexander Ólafssyni ehf. og tengdum félögum er óheimilt að mismuna viðskiptavinum sínum við sölu á steinefni, sem nýtanlegt er til framleiðslu steinsteypu, umfram það hagræði sem ætla má að félögin hafi af umfangi viðskiptanna og málefnalegar ástæður liggja því til grundvallar.

2.

Brot á þeim fyrirmælum sem fram koma í sátt þessari varða viðurlögum skv. IX. kafla samkeppnislaga.”

Samkeppniseftirlitið

Guðmundur Sigurðsson